



Alþingi
Erindi nr. **B** 127/1763
9.4.2002
komudagur

Hollustuvernd ríkisins

ENVIRONMENTAL AND FOOD AGENCY
OF ICELAND

Nefndasvið Alþingis,
b.t. Helgu E. Þórisdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2002
HVR02030112

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988


Meðfylgjandi er umsögn Hollustuverndar ríkisins, um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, sem liggur fyrir 127. löggjafarþingi 2001-2002, sbr. erindi umhverfisnefndar Alþingis dags. 18. mars 2002.


Hollustuvernd ríkisins er sammála þeim breytingum sem eru lagðar til í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um eiturefni og hættuleg efni.

Í frumvarpinu eru styrkt ákvæði varðandi tímabundnar heimildir til undanþágu fyrir innflutning og framleiðslu umhverfisskaðlegra efna þegar unnið er að takmörkun slíkra efna á markaði en ekki er fært að banna þau alfarið nema með ákveðnum aðlögunartíma. Mikilvægt er að setja inn í lögina eins og hér er gert heimild til að binda þær takmörkuðu markaðsheimildir sem mögulegt er að leyfa við þá aðila sem verið hafa á markaði þannig að þeir hafi tækifæri til að laga sig að breyttum aðstæðum. Þessi ákvæði eru í samræmi við framkvæmd takmarkana í Evrópu-bandalagsreglugerðum sem væntanlega verða teknar upp hér á landi innan tíðar.

Hollustuvernd ríkisins bendir þó á að í stað orðalagsins *eiturefni og hættuleg efni* í 3. mgr. 29. gr. laganna, sbr. einnig 2. mgr. 29. gr., væri heppilegra að fjalla eingöngu um *efni* sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið. Ástæðan fyrir þessari ábendingu er að þau efni sem hér um ræðir, þ.e. ósoneyðandi efni, hafa fyrst og fremst óbein skaðleg áhrif. Ósoneyðandi efni eyða ósonlaginu, það hefur í för með sér aukna útfjólubláa geislun sem síðan veldur tjóni á heilsu manna og dýra og á lífríki. Þessi áhrif falla því ekki undir þá þröngu skilgreiningu um bein heilsu og umhverfisáhrif sem eiturefni og hættuleg efni eru flokkuð eftir sbr. 1. gr. laganna.

Virðingarfyllt,
f.h. Hollustuverndar ríkisins


Davíð Egilsson,
forstjóri


Sigríbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður eiturefna- og hollustuháttasviðs

Office address:

Ármúla 1a
108 Reykjavík

Postal address:

P.O. Box: 8080
IS-128 Reykjavík

Telephone:

+ 354-585 1000

Telefax:

+ 354-585 1010

Internet:

www.hollver.is

Kennitala:

490882-0149